

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 1. júlí var haldinn 438. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 14:12.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson Reykjavík, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði og Valdimar Birgisson Mosfellsbæ. Magnús Benediktsson Seltjarnarnesi boðaði forföll.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram yfirlit yfir fulltrúa sveitarfélaganna í samstarfsnefnd skíðasvæðanna.
2. Kjör formanns. Samþykkt að Þorvaldur Daníelsson fulltrúi Reykjavíkur verði formaður samstarfsnefndarinnar til tveggja ára.
3. Tillaga um að Kristín Thoroddsen verði varaformaður samstarfsnefndarinnar. Samþykkt.
4. Lagður fram samstarfssamningur milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 21. mars 2022. Farið var yfir hlutverk verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðum, en helsta verkefni hópsins er að fylgja eftir framkvæmdum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sat fundinn undir þessum lið.

5. Rætt um tímasetningu funda samstarfsnefndarinnar og aðgengi að gögnum. Samþykkt að fundirnir verði haldnir 3. miðvikudag í mánuði kl. 07:30. Næsti fundur verður 19. ágúst í Bláfjöllum.
6. Lagt fram minnisblað Einars K Stefánsson VSÓ dags. 30. júní 2026 um stöðumat á lyftum í Skálafelli.
7. Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 30. júní 2026 um stöðuna í fjöllum.
8. Lögð fram drög að starfsáætlun samstarfsnefndarinnar.

Fundi slitið kl. 15:40.

Þorvaldur Daníelsson

Andri Steinn Hilmarsson
Valdimar Birgisson

Kristín Thoroddsen